



Reykjavík, 3.02.2022

MSS22010286

**Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar vegna tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 20. mál**

Í tölvupósti dags. 25. janúar 2022 sendi allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, Reykjavíkurborg til umsagnar, tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 20. mál. Reykjavíkurborg styður heilshugar að settur verði á fót starfshópur sem falið verði að móta bætt verklag í miðlun upplýsinga og að gera tillögur að lagabreytingum sem feli í sér rými lagaheimildir til miðlunar upplýsinga um heimilisofbeldi.

Óskýrar lagaheimildir á þessu sviði hafa hamlað því að upplýsingamiðlun og stuðningur væri eins og best verður á kosið og eru miklar líkur á því að hægt væri að styðja fyrr við brotþola og fjölskyldur þeirra ef lagaheimildir um samráð eru skýrar. Þegar hafa verið gerðar breytingar á lögreglulögunum sem auðvelda samráð. Þessar breytingar tóku gildi um síðustu áramót, sjá 11. grein lögreglulaganna, aðra málsgrein.

[2. Lögregla skal, eftir því sem þörf er á, hafa gagnkvæmt samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir, félagasamtök og einkaaðila við lögreglurannsóknir, framkvæmd löggæslu og önnur verkefni. Er lögreglu og samstarfsaðilum heimilt að skiptast á upplýsingum, þar á meðal persónuupplýsingum, að því marki sem nauðsynlegt er, til að lögregla eða samstarfsaðili geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. Sérstaklega skal lögregla vinna með félagsmála-, heilbrigðis- og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra.]

Það skortir hins vegar sambærilegar heimildir í lögum sem ýmsar aðrar stofnanir vinna eftir svo að frumkvæði að samstarfi geti einnig komið frá þeim. Í því sambandi má nefna lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarlög, lög um heilbrigðisþjónustu og lög um grunnskóla.

Virðingafyllst,

f.h. mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar,

Halldóra Dýrleifar Gunnardóttir,

verkefnisstjóri Saman gegn ofbeldi